

Ályktun um ritun sögu uppeldisstétta

Aðalfundur FG beinir því til þings og stjórnar KÍ að hafin verði ritun sögu uppeldisstétta á Íslandi.

Greinargerð

Nú þegar nær öld er liðin frá stofnun fyrsta kennaraskóla landsins telur aðalfundur Félags grunnskólakennara að þarft sé að bæta við sögu kennara og annarra uppeldisstétta. Á síðustu öld sleit íslenska kennarastéttin barnsskónum og margir þeir sem hófu stéttarbaráttuna eru gengnir.

Það er því brýnt að hefja undirbúning að varðveislu og söfnun heimilda sem nýtiast til ritunar þessarar baráttusögu ásamt viðtölum við þá sem enn hafa sögu að segja.

Leitasat skal við að skoða hvað slíkt verk myndi kosta og finna leiðir til að fjármagna það.